



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um Menntasjóð námsmanna í kjölfar umfjöllunar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

28. maí 2020

Stúdentaráð telur að heildarendurskoðun námslánakerfisins sé löngu tímabær og fagnar því jákvæðu skrefi að nýja kerfið sé af norrænni fyrirmynd og telur innleiðingu námsstyrkja gleðiefni. Í frumvarpinu kemur fram að markmið þess sé að efla stuðning við námsmenn, stuðla að bættri námsframvindu og búa til réttlátara námslánakerfi í takt við nútímann. Stúdentaráð telur að ráðast þurfi í frekari breytingar á frumvarpinu til að ná því markmiði.

Ein helsta gagnrýni Stúdentaráðs hefur snúið að sjálfbærnis hugsjóninni sem er að baki nýja námslánakerfinu svo lánahluti þess nái að standa undir sér. Í samræmi við þá hugsjón var nýtt vaxtafyrirkomulag álitin forsenda þess að kerfið gengi upp. Stúdentaráð gagnrýndi harðlega það fyrirkomulag þar sem vextir á námslánum áttu að fara úr föstum 1% í breytilega vexti án hámarks sem tækju mið af vaxtakjörum ríkisins auk vaxtaálags. Ráðið telur því tillögu meirihlutans um vaxtaþak skref í rétta átt sem ber að fagna. Ráðið tekur þó fram að kallað var eftir lægra vaxtaþaki fyrir stúdenta. Þá hefur sjálfbærnis sjónarmiðið ekki breyst sem er áhyggjuefni. Gangi hvatakerfið upp mun það skila skatttekjum og sparnaði í skólakerfinu upp á 1-3 milljarða króna árlega samkvæmt útreikningum Summu ráðgjafar ehf fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið. Stúdentaráð er þeirrar skoðunnar að þetta fjármagn eigi að renna aftur til sjóðsins.

Tilhögun framfærslulána er enn í lausu lofti þar sem það er undir sjóðstjórn að ákvarða grunnframfærsluna án skýrra fyrirmæla um endurskoðun framfærslu milli ára. Það er því ekkert sem krefur stjórn sjóðsins um að grípa til aðgerða sé þess þörf. Það hefur alltaf verið í verkahring stjórnar sjóðsins að ákvarða grunnframfærslu en það hefur bersýnilega ekki reynst stúdentum vel. Of margir neyðast til þess að vinna samhliða námi þó þeir taki lán, vegna þess að framfærsla námslánanna stendur ekki undir útgjöldum þeirra.

Í frumvarpinu kemur fram að hlutverk námslánasjóðsins sé að vera félagslegt jöfnunartæki en í raun og veru hefur sjóðurinn ekki uppfyllt það ætlunarverk. Svo að stúdentar geti klárað námið á tilsettum tíma og nýtt 30% niðurfellingu á hluta námslána við námslok verða þeir að búa við fjárhagslegt öryggi. Stúdentaráð krefst þess að stjórnvöld tryggi það með vönduðum og öruggum hætti, því jafnt og hindranalaust aðgengi að menntun eflir lífskjör og verðmætasköpun þjóðar. Að lokum vísar ráðið í ályktun þess vegna vegna frumvarps til laga um Menntasjóð námsmanna í kjölfar umfjöllunar allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 28. maí 2020.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Isabel Alejandra Díaz

Isabel Alejandra Díaz

Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands